

Sértækar þroskaraskanir á námshæfni: Framhaldsskóla- og háskólastig

Jónas G. Halldórsson, sálfræðingur

Af hverju á að styðja við bakið á nemendum með sértæka námserfiðleika í framhaldsskólum og háskólum?

Vitna má í *Lög um framhaldsskóla 1996 nr. 80, II kafla, 2. gr. Hlutverk:*

· >"Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Framhaldsskólinn býr nemendum undir störf í atvinnulífinu og frekara nám.

· > Framhaldsskólinn skal leitast við að efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfna þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til stöðugrar þekkingarleitar."

Hér má leggja sérstaka áherslu á að framhaldsskólinn á að styðja **alla** nemendum, hann á að leitast við að auka **sjálfstraust** þeirra og **hvetja þá til þekkingarleitar**.

Nemendum með sértæka námserfiðleika eiga erindi í framhaldsnám og margir nemendum með sértæka námserfiðleika hafa lokið háskólanámi.

Stjórnendur, kennarar og námsráðgjafar framhaldsskóla og háskóla hafa oft sýnt nemendum með sértæka námserfiðleika mikinn og góðan skilning og stuðning við nám og boðið upp á ýmsar tilhlíðranir t.d. við námsmat.

Framhaldsmenntun sem flestra er þjóðhagslega hagkvæm.

Framhaldsskólar og háskólar þjóna þjóðfélaginu, þ.e. almenningi.

Það er hlutverk hvers skóla og metnaður hvers kennara að sem flestir nemendum náí settu marki í námi.

Það er hlutverk framhaldsskóla og háskóla að leita leiða sem auðvelda nemendum með sértæka námserfiðleika að ná tókum á þekkingu og að sýna fram á þekkingu sína.

Einkaréttur fárra útvaldra til framhaldsnáms heyrir fortíðinni til.

Staðan er sú að rúmlega 40% ungs fólks á þrítugsaldri hefur ekki lokið framhaldsnámi og á langt í land með það, þ.e. það hefur lítið framhaldsnám að baki. Þetta hlutfall hefur verið óbreytt á undanföllum áratugum.

Leiða má líkum að því að umtalsverður hluti þeirra sem hættu framhaldsnámi hafi átt við sértæka námserfiðleika að stríða. Þetta þarf að rannsaka og finna leiðir til að auka hlutfall þeirra sem ljúka framhaldsnámi.

Spyrja má:

Eru viðhorf í framhaldsskólum og háskólum hér á landi til nemenda með sértæka námserfiðleika nægilega jákvæð?

Er metnaður skólustjórnenda og kennara að nemendur með sértæka námserfiðleika ljúki námi nægilega mikill?

Er stundum til staðar afneitun á því að sértækir námserfiðleikar séu til, vanþekking eða hugmyndafræðileg andstaða?

Er sú skoðun algeng að með greiningu á sértækum námserfiðleikum sér verið að gera lötum og kærulausum nemendum kleift að komast á sem auðveldastan hátt gegnum skólakerfið?

Er til staðar ótti við að útskrifa vanhæft fólk?

Hvað með kostnað? Kostar það sem mestu máli skiptir skólakerfið mikla peninga?

Er ómeðvitað verið að setja fótinn fyrir nemendur með sértæka námserfiðleika, vekja kvíða þeirra, draga úr sjálfstrausti, sannfæra þá um að þeir eigi ekki erindi í framhaldsskóla eða háskóla?

Er nemendum gert erfitt fyrir að taka endurtektarpróf eða stöðupróf þegar þeim hentar?

Er nægjanlega mikill sveigjanleiki hvað snertir próftíma, prófaðstæður og aðferðir við námsmat?

Fá framhaldsskólar, sem veita nemendum með sértæka námserfiðleika góða þjónustu, orð á sig fyrir að vera skólar sem einkennast af aumingjagæsku?

Hvernig er hægt að auka hlutfall þeirra sem ljúka framhaldsnámi?

Hvernig er hægt að umbuna, styrkja og hvetja skóla og kennara sem sýna frumkvæði að því að finna leiðir til lausnar?